LISTIR



Þorsteinn Ólafs útibússtjóri afhendir Margréti Lindquist vinningshafa síðasta skólaárs styrk frá Búnaðarbankanum.

Búnaðarbankinn styrkir listamenn

BÚNAÐARBANKI Íslands hf. og Nemendaráð Listaháskóla Íslands gengu á dögunum frá samningi sín á milli fyrir yfirstandandi skólaár, 1999-2000. Um er að ræða samning sem er framhald af samningi bankans við Nemendaráð Myndlista- og handíðaskóla Íslands um sýningarglugga í Austurbæjarútibúi Búnaðarbankans og útgáfustyrki sem í gildi hefur verið undanfarin ár.

Styrkur einu sinni á ári

Samningurinn kveður meðal annars á um að hver nemandi sýni í glugganum í tvær vikur í senn og er óhætt að segja að verk nemenda hafi vakið mikla athygli. Ingibjörg Klemenzdóttir nemandi á 3. ári er um þessar mundir með sýningu á keramikmunum. Einu sinni á ári er nafn eins listamanns sem sýnt hefur í glugganum á tímabilinu dregið úr potti og hlýtur sá styrk frá Búnaðarbankanum.

Ljóðalestur Hellasarhópsins

Á VEITINGAHÚSINU Lækjarbrekku verður opinn fundur í skáldafélaginu Hellasarhópnum á sunnudag kl. 14. Hópinn skipa Gunnar Dal, Sigurður A. Magnússon, Kristján Árnason og Tryggvi V. Líndal. Að auki munu gestir lesa úr verkum sínum er tengjast forngrískum bókmenntum.

Kjarvalsstaðir

Grafík í mynd og Katla

TVÆR sýningar verða opnaðar á Kjarvalsstöðum í dag föstudag kl. 20. Annars vegar sýningin Grafík í mynd og hins vegar sýning Rögnu Róbertsdóttur – Katla.

Grafík í mynd er sýning á verkum innlendra og erlendra listamanna. Á sýningunni eru verk grafíklistamanna auk listamanna sem þekktari eru fyrir að nota aðra miðla en hafa þó nýtt sér tækni grafíklistar.

Sögulegi hluti sýningarinnar kemur frá Listasafninu í Bergen og eru öll verkin eftir listamenn sem sett hafa svip sinn á listasöguna, þ. á m. Rembrandt, Goya, Gauguin, Chagall og Manet. Nýju verkin á sýningunni eru ýmist unnin eftir hefðbundnum leiðum eða teygja mörk miðilsins út á ystu nöf og beita til þess nútímatækni. Íslensku listamennirnir sem eiga verk á sýningunni eru Aðalheiður Valgeirsdóttir, Anna Líndal, Benedikt G. Kristþórsson, Guðmundur Á. Sigurjónsson, Guðný B. Guðjónsdóttir, Halldór Ásgeirsson, Ingibjörg Jóhannsdóttir, Kristinn E. Hrafnsson, Kristján Steingrímur, Magdalena M. Kjartansdóttir, Sigrid Valtingojer og Valgerður Hauksdóttir. Erlendu gestirnir eru Karen Dugas, Christoph Gerling, Geert Opsomer og Annu Vertanen.

Sýningin var unnin í samstarfi við félagið Íslensk grafík.

Ragna Róbertsdóttir – Katla

„Í miðrými og utandyra við Kjarvalsstaði hefur Ragna Róbertsdóttir unnið verk þar sem hún skapar einföld en kraftmikil tengsl á milli þess efniviðar sem hún notar og rýmisins. Verkið miðast við þetta ákveðna rými en vísar sterkt til landsins sem efniviðurinn er sóttur í. Ragna hefur flutt hluta Mýrdalssands að sýningarrými Kjarvalsstaða en innandyra notar hún vikur og gler," segir í fréttatilkynningu.

Ragna Róbertsdóttir hefur átt verk á sýningum víða um heim.

Báðum sýningunum er fylgt úr hlaði með sýningarskrám og eru þær fáanlegar í safnverslun Kjarvalsstaða.

Í sýningarskrá grafíksýningarinnar ritar Knut Ormhaug, listfræðingur við listasafnið í Bergen, en í sýningarskrá Rögnu Róbertsdóttur ritar listgagnrýnandinn og rithöfundurinn Gregory Volk.

Nánar verður fjallað um sýningarnar í Lesbók á morgun en þær standa til 19. desember og er opið á Kjarvalsstöðum alla daga frá kl. 10–18. Leiðsögn er um sýningar safnsins alla sunnudaga kl. 16.



Morgunblaðið/Sverrir

Sigrid Valtingojer er meðal listamanna sem eiga verk á grafíksýningunni á Kjarvalsstöðum



Morgunblaðið/Sverrir

Listamennirnir vinna að uppsetningu sýningarinnar í Listasafni ASÍ.

Sjö listamenn í ASÍ


MYNDLISTARSÝNINGIN Dularfulli garðurinn verður opnuð í Listasafni ASÍ laugardaginn 30. október kl. 20. Listamennirnir Elsa Dóróthea Gísladóttir, Guðrún Vera Hjartardóttir, Helgi Hjaltalín, Jón Bergmann Kjartansson, Pétur Örn Friðriksson og Sólveig Þorbergsdóttir sýna þar verk sín ásamt gesti sýningarinnar, Hreini Friðfinnssyni. Þessir listamenn hafa áður sýnt saman á sýningum og stóðu meðal annars að sýningu í Nýlistasafni 1994. Ýmsar uppákomur verða við opnunina segir í fréttatilkynningu.

Sýningin stendur til 14. nóvember og er opi alla daga nema mánudaga frá 14–18.

Coetzee fær Booker-verðlaunin í annað sinn

The Daily Telegraph.

SUÐUR-AFRÍSKI rithöfundurinn J.M. Coetzee hlaut á mánudag Booker-verðlaunin, helstu bókmenntaverðlaun Breta. Varð hann þá fyrsti rithöfundurinn í þriggja áratuga sögu verðlaunanna til að öðlast heiðurinn tvisvar, en hann hlaut „Bookerinn" einnig fyrir 16 árum.



Coetzee

Coetzee hlaut verðlaunin fyrir bókina „Disgrace", eða „Vansæmd". Verkið fjallar um miðaldra prófessor í Höfðaborg, sem leitar skjóls á búgarði dóttur sinnar eftir að hafa átt í ástríðufullu sambandi við nemanda sinn, en ofbeldisfull árás leiðir brestina í sambandi feðginanna í ljós.

Höfundurinn var ekki viðstaddur verðlaunaveitinguna í Guildhall í Lundúnum, þar sem hann var upptekinn við kennslu í Chicago. Í yfirlýsingu sem lesin var upp við athöfnina kvaðst hann vera „ákaflega hrærður" yfir því að vinna til þessara „virtustu verðlauna hins enskumælandi heims". Auk veglegs verðlaunafjár má Coetzee búast við verulegri söluaukningu á bókum sínum. Salan á bókinni „Amsterdam" eftir skotann Ian McEwan sem hlaut verðlaunin á síðasta ári, jókst til dæmis gífurlega, eftir að niðurstaða dómnefndar varð kunn.

Verðlaunin umdeild að vanda

Verðlaunaveitingin hefur að vanda vakið nokkrar deilur, en Gerald Kaufmann, formaður dómnefndarinnar, sagði að það hefði verið „afar erfitt" að gera upp á milli bókanna sem tilnefndar voru í ár. Meðal þeirra sem þóttu líklegastar var „Fasting Feed" eftir indverska rithöfundinn Anitu Desai, sem hefur verið tilnefnd þrisvar. Ýmsir hafa einnig gagnrýnt að kunnir höfundar á borð við Salman Rushdie, Vikram Seth og Roddy Doyle hafi verið sniðgengnir.

Coetzee er 59 ára gamall og er prófessor í bókmenntafræði við háskólann í Höfðaborg. Hann hlaut Booker-verðlaunin árið 1983 fyrir bókina „The Life & Times of Michael K". Lífið í fyrrverandi nýlenduríkjum hefur verið Coetzee hugleikið, en í fyrstu skáldsögu hans, „Dusklands" frá árinu 1971, ber hann saman aðgerðir Bandaríkjamanna í Víetnam og landnám Búa í Suður-Afríku á síðustu öld.

Vefnaður í Kirsuberjatrénu

FRÍÐA S. Kristinsdóttir sýnir ofin þrívíð verk í glugga Kirsuberjatrésins, Grófinni, Vesturgötu 4, í dag, föstudag.

Verkin eru ofin úr koparvír, plasti, roði og fleiri efnum.

Fríða er vefari og kennari við listasvið Fjölbrautarskólans í Breiðholti.

Sýningin stendur til 5. nóvember.

BÆKUR

Ljóð

MÖMMU-BLUES, STÁLFLJÓTIÐ OG FJÖGURRA LAUFA SMÁRINN

eftir Normu E. Samúelsdóttur. Eiginútgáfa. 1999.

Ljóðræn skýrslugerð

SKÁLD velja sér misjafna leið til tjáningar. Sum byggja á sterku myndmáli, önnur á endurtekningum, vísunum, táknum eða mælsku. Norma E. Samúelsdóttir velur þá leið að segja sem minnst. Ljóð hennar eru knöpp svo að jaðrar við naumhyggju.



Norma E. Samúelsdóttir

Um þessar mundir sendir hún frá sér tvær ljóðabækur. Mömmu-blues segir frá yfirsetu yfir dauðvona móður og lýsir síðan ferðalagi þar sem minningarnar sækja að. En Stálfljótið og fjögurra laufa smárinn er breiðari samfélagsmynd og tekur raunar á vanda þéttbýlismyndunar, ekki síst bílamenningunni. Stálfljótið er vafalaust Miklabrautin full af bílum en við hana bjó höfundur í rúm tvö ár og fjögurra laufa smárinn vísar til umferðamannvirkja sem eru í laginu eins og jurtin fáfengilega.

Ljóðstíll Normu hlýtur að teljast fremur sérkennilegur. Hann einkennist af hversdagsraunsæi, jafnvel natúralisma og í gegnum augu lesandans streyma sundurlaus orð sem mynda samt einhvers konar heild. Hlutirnir eru fyrir bragðið einangraðir og stækkaðir. Jafnframt er textinn ákaflega knappur, jafnvel tálgaður og lítið um myndmál og vísanir eru sjaldgæfar. Stundum verður textinn fyrir bragðið býsna hrár.

Mömmu-blues þykir mér heldur skárra verk en Stálfljótið og fjögurra laufa smáranum finnst mér höfundur aftur á móti ganga fulllangt í natúralískri skýrslugerð. Vera má að skrásetningarárátta Normu sé af svipuðu tagi og finna má í menningarlandslagsmyndum Errós en útkoman er fremur óreiða og sundurgerð en splundruð heimssýn. Samhengisleysið verður á stundum svo yfirþyrmandi að fátt hvetur lesanda til að lesa áfram.

Strýkur handlegg
vætir dulu
Ljósastaurar
hverfa
birtast
flyksur
bráðna
niður
gler
Súrefnistæki
Á hvítu
beði
Dymbill

Í Stálfljótinu og fjögurra laufa smáranum finnst mér höfundur

Número
hundrað og tíu brunar hjá
regn
hindrar skin
Turn kirkju grár
enginn kross
Að rækta verðlaunagarð
áfram blandað
rennandi vatn.
Nissan sunny
Mercedes Benz

Sannast sagna höfðar skáldskapur sem þessi ekki sterklega til mín. Hann er of eintóna til að halda athygli og of sundurlaus til að kveikja áhuga. Knappur ljóðstíll Normu og sundurlausar, skýrslukenndar myndir úr hversdagsleikanum eiga ekki vel saman. Það vantar einfaldlega bindiefnið í ljóðin og bækurnar.

Skafti Þ. Halldórsson